

## Listasafn Reykjavíkur tekur vel á móti nemendum á öllum skólastigum – og að kostnaðarlausu! Safnið starfar í þremur safnhúsum og annast flest útilistaverk í borginni. Komið með hópinn, við hlökkum til að sjá ykkur!

### Ásmundarsafn

**Sigtúni, 105 Reykjavík**  
**Sumaropnun daglega 1. maí til 30. september kl. 10–17.**  
**Vetraropnun daglega 1. október til 30. apríl kl. 13–17.**

### Hafnarhús

**Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík**  
**Opið daglega frá kl. 10–17 og fimmtudaga kl. 10–20.**

**Kjarvalsstaðir**  
**Flóka­götu, 105 Reykjavík**  
**Opið daglega kl. 10–17.**

**Boðið er upp á fræðslu fyrir skóláhópa alla virka daga kl. 08:15–17:00**

**Verið í sambandi:**

á heimasíðu: listasafnreykjavikur.is > miðlun > bóka hóp netfang: fraedsludeild@reykjavik.issimi: 4116400 einnig: www.uppspretta.reykjavik.is

**Fræðslustarf Listasafns Reykjavíkur**
Kjarninn í fræðslustarfi Listasafns Reykjavíkur eru lista-verkin sjálf. Á hverju ári býður safnið upp á fjölda sýninga með verkum frá ýmsum tímum. Myndlist er sett í samhengi sem ein leið til þess að kanna heiminn í kring um okkur. List hefur þýðingamikið hlutverk í samfélagi og menntun. Með því að skoða myndlist þjálfum við okkur í gagnrýnni hugsun og hæfileika okkar til að eiga skoðana-skípti sem eru okkur nauðsynlegt veganesti í lífinu.

Við bjóðum öllum nemendum á hvaða skólastigi sem er upp á safnfræðslu um allar sýningar. Í hverri heimsókn reynum við að skapa vettvang fyrir nemendur til að taka þátt í umræðum þar sem hver og einn fær tækifæri til að tjá sig um eigin upplifun og hlusta á aðra. Við getum hæglega aðlagað heimsóknina þeim áherslum sem hver hópur óskar eftir eða boðið almenna leiðsögn um sýningar og jafnvel útilistaverk.

**Hvernig á að bóka hóp?**

Við fógnum skóláhópum á öllum aldri sem vilja koma í safnið, með eða án leiðsagnar safnkennara. Við óskum eftir því að allir hópar láti vita af komu sinni með fyrirvara. Safnkennarar okkar geta tekið á móti hópum virka daga kl. 08:15–17:00 Hámarksfjöldi nemenda í hóp er 25 nemendur, eða einn bekkur. Við erum þakklát fyrir að farið sé yfir reglur safnsins með nemendum fyrir heimsóknina.



Hafnarhús 2019

**Erró**  
**Heimsferð Maós**  
**01.05.2019 - 09.02.2020**  
Sýningin Heimsferð Maós byggst á samklippum þar sem Erró (f. 1932) stefnir saman kúrverskum áróðursveggspjöldum og vestrænum túristamyndum frá þekktum áfangastöðum. Þessi myndaröð frá áttunda áratuginum gerði Erró þekktan í alþjóðlegu samhengi. Í kjölfar þessarar sýningar verður boðið upp á almennara upphengi á verkum Errós sem endurspeglar feril hans. Verk Errós vekja hugleiðingar um áhrif mynda í neyslusamfélaginu, eðli myndmáls og myndlæsis.

**Magnús Pálsson**  
**EITTHVAÐ úr ENGU**  
**28.09.2019 - 12.01.2020**  
Ferill Magnúsar Pálssonar (f. 1929) einkennist af því hversu víða listamaðurinn hefur komið við og markað spor. Sem kennari hefur hann haft mikil áhrif á kynslóðir listamanna. Í leikhúsi hefur hann skapað nýstárlegar sviðsmyndir og tilraunennd leikverk. Sem gjörninga-listamaður er Magnús ótvíræður frumkvöðull. Í myndlist er hann lykilmáður í hinum miklu breytingum sem urðu á þeim vettvangi á sjöunda og áttunda áratugnum. Sýningin veitir innsýn í skapandi hug listamanns sem átti þátt í að breyta listasögunni.

**Ólafur Elíasson**  
**10.10.2019 - 09.02.2020**  
Nytt ljósmyndaverk Ólafs Elíassonar (f. 1967) byggist á verki sem nú er tuttugu ára gamalt, Glacial Series frá árinu 1999. Ólafur flaug þá yfir fjölmarga skriðjökla og myndaði. Nú endurtekur hann leikinn þannig að sjá má hvernig jökllarnir hafa breyst á þessum tíma sem líðinn er. Verkið er mjög vel til þess fallið að ræða þær breytingar sem verða í náttúrunni við yfirstandandi hlýnun jarðar.

**Hafnarhús 2020**  
**D40, D41, D42 og D43**  
Markmið sýningaraðarinnar í D-sal er að sýna efnilega listamenn sem ekki hafa áður haldið einkasýningar í opinberu listasafni. Sýningar í D-sal eru vel til þess fallnar að spá í aðferðir, efnisnotkun og inntak samtímalistar. Þær eru hnitmiðaðar og þéttar þannig að gott er að ná utan um þær pælingar sem þar eru í gangi hverju sinni.

**LHÍ**

Listasafn Reykjavíkur er í samstarfi við Listaháskóla Íslands um að hýsa útskriftarsýningu tuga nemenda á BA stigi í myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild. Á sýningunni getur að lita myndlist, grafíska hönnun, arkitektúr, fatahönnun og vöruhönnun. Sýningin er ákaflega vinsæl meðal almennings og einkum hjá ungum krökkum sem renna hýru auga til náms og starfa á lista- og hönnunarsviðinu.

Heimsókn með safnfræðslu fyrir nemendur tekur um það bil eina kennslustund en hægt er að aðlaga hana eftir þörf um hópsins. Safnkennarinn kynnr valin verk á sýningum, hvetur til umræðu og býður gjarnan upp á létt verkefni inni í sýningarsal. Fyrir heimsókn er gott fyrir okkur að vita hvort og þá hvernig hópurinn sé undirbúinn, hvort óskað sé eftir áherslu á ákveðið viðfangsefni eða að tengja skuli við sérstakan hluta námskrá. Miðlunarteymi safnsins hefur aðsetur í Hafnarhúsinu. Hægt er að bóka heimsókn á heimasíðu safnsins, listasafnreykjavikur.is, undir Miðlun og Bóka hóp. Varðandi sérstakar fyrirspurnir má hafa samband við okkur alla virka daga í síma 411 6400 eða í gegnum netfangið fraedsludeild@reykjavik.is. Í vetur er gert ráð fyrir því að uppfæra gagnvika skráningu á vefnum, notendum til þæginda. Menningarstofnanir borgarinar munu jafnframt bjóða upp á upplýsingar og bókanir á nýrri síðu: www.uppspretta.reykjavik.is

**Leikskólar**

Safnfræðsla fyrir leikskólanema miðast við eldri árganga skólans sem oft eru að koma í fyrsta sinn á safn. Við mælum sérstaklega með heimsókn í Ásmundarsafn sem er áhrifarík bygging með góðu útivistarsvæði í höggmynda-garðinum í kring. Listaverk Ásmundar eru aðgengileg og hafa oft að geyma tilvisanir í hinar ýmsu sögur sem höfða til ungra barna. Verk Kjarvals eru alla jafna aðgengileg á Kjarvalsstöðum og verk Errós í Hafnarhúsinu. Perlu-festin er höggmyndagarður kvenna í Hljómskálagarði, sem einnig er skemmtilegt að heimsækja og hægt að fá leiðsögn um. Að auki eru ýmsar tímabundnar sýningar í safnhúsunum sem kunna að höfða til leikskólabarna

**Grunnskólar**

Flestar sýningar Listasafns Reykjavíkur henta grunn-skólanemum á öllum aldri sem og nemendum í skipulögðu frístundastarfi. Safnið leggur sérstaka áherslu á 4., 6. og 8. bekk sem er boðið upp á ólík verkefni tengt Erró, Kjarval, Ásmundi og Perlufesti. Þessum skólastigum í grunnskólum Reykjavíkur er boðið upp á rútuferðir til og frá skóla. Skólahópar í öðrum bekkjum eða utan höfuðborgarinnar eru auðvitað velkomnir í leiðsögn að kostnaðarlausu en þurfa að komast á staðinn á eigin vegum:

***Listin að segja sögur - Ásmundarsafn fyrir 4. bekk***
Í verkefni um Ásmund Sveinsson velja nemendur sér eitt listaverk, rýna í það og móta sér skoðun. Börnin skissa upp það sjónarhorn sem þeim þykir áhugaveri. Verkefnið er unnið á staðnum og er ætlað að varpa ljósi á listamanninn, samtíð hans og viðfangsefni. Listaverk Ásmundar eru oftar en ekki hláðin frásögn, þau vísa í Íslendingasögur, þjóðsögur og goðafræði – en einnig í daglegt líf fyrri tíma.



**Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter**
Sýning Hrafnhildar (f. 1969) sem var í íslenska skálanum á Tvíæringnum í Feneeyjum, 2019, verður sett upp í Hafnarhúsinu snemma árs 2020. Innsetningin, Chromo Sapiens, er samsett úr yfirþyrmandi magni af gervihári, einkennis-efnivið listakonunnar. Litir, hljóð og aðlaðandi áferð leiða gesti í gegnum ólík rými sem umlykja þá í myndrænum og hljóðrænum samruna. Verk Hrafnhildar bjóða til dæmis upp á vangaveltur um mörk þess manngerða og náttúru-lega.

**Sol Lewitt**

Sol LeWitt (1928 - 2007) var bandarískur listamaður sem hafði mikil áhrif á liststefnur eins og konseptlist og mínimalisma. Sýningin í Hafnarhúsi byggist á veggverkum hans sem máluð eru beint á veggji sýningarsalanna. Verkin byggjast á endurtekningu og reglu sem listamaðurinn leggur fyrir og eru aðlögðu hverju rými fyrir sig. Gaman er að hugsa um liti, form, og jafnvel flatarmálsfræði og stærðfræði á þessari sýningu.



**Ásmundarsafn**  
**Ásmundur Sveinsson**  
**Undir sama himni**  
**19.01.2019 - 16.02.2020**  
Árið 2019 er ár listar í almennarými hjá Listasafni Reykjavíkur. Af því tilefni er lögð áhersla á útilistaverk í Ásmundarsafni og uppi er sýning á verkum Ásmundar Sveinssonar (1893-1982). Bæði eru þar frummyndir verka sem standa úti í almenningsrými eða verk sem tengjast þeim.

**Helgi Gíslason**  
**31.08.2019 - 03.11.2019**  
Helgi Gíslason (f. 1947) er vel þekktur fyrir þríviðar höggmyndir sínar, bæði í brons og gífs, sem hafa verið sýndar víða hér á landi og erlendis. Hann á nokkur sjálfstæð verk og minnisvarða í almenningsrymum borgarinnar. Þar tekst hann á við tilvist mannsins og tjáir litróf tilfinninganna.

**Ólöf Nordal**  
**09.11.2019 - 31.12.2019**  
Ólöf Nordal (f. 1961) sýnir bæði í Ásmundarsafni, í samhengi áherslunnar á list í almenningsrými, en yfirflitsýning á verkum hennar er líka á Kjarvalsstöðum. Sýningin er fimmta og jafnframt síðasta í röð einkasýninga fimm listamanna sem eru höfundar útilistaverka í borginni.

***Listin að rannsaka - Kjarvalsstaðir fyrir 6. bekk***
Verkefnið veitir innsýn í ævistarf Kjarvals sem var einn af frumkvöðlum íslenskrar málalistar. Nemendur skoða lykilverk eftir listamanninn og vinna verkefni. Sjónum er beint að rannsóknum Kjarvals á náttúrunni og ólíkum birtingarmyndum hennar í málverkum hans.

***Listin að gera tilraunir - Hafnarhús fyrir 7. og 8. bekk***
Hvernig fara listamenn að því að vikka út listræn mörk og fá nýjar hugmyndir? Í Hafnarhúsinu er áherslan á samtíma-myndlist þar sem listniðillinn er í stöðugri endurskoðun. Verk listamannsins Errós eru þar til sýnis en hann hefur tileinkað sér stefnur og strauma í anda pop-listar. Við hugsum um aðferðir hans við að nota fundnar myndir og setja fram í nýju samhengi.

***Perlufesti – Hljómskálagarður fyrir alla aldurshópa***
Höggmyndagarðurinn Perlufesti er til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar. Hér gefst tækifæri til að njóta útiveru og hugsa m.a. um hlutverk listaverka í opinberu rými, ólík form, stílbrigði eða inntak, sögu jafnréttisbaráttu eða bregða á myndastyttuleik. Árið 2019 leggur Listasafn Reykjavíkur sérstaka áherslu á list í opinberu rými. Til áramóta er skólahópum boðið upp á rútuferð í Hljómskálagarð til og frá skóla að kostnaðarlausu.

**Flökkusýningar**

Grunnskólum stendur til boða að fá sérhannaðar fræðslusýningar að láni til sín í skólana. Um er að ræða tvær kistur sem opnast í lítið sýningarrými. Þetta eru færarlegar einingar sem hægt er að setja upp í kennslu-stofu eða opnu rými í skólanum. Val stendur á milli tveggja sýninga og fylgja þeim verkefni fyrir nemendur. Boðið er upp á kynningu safnkennara á sýningu og verkefnum fyrir starfsfólk. Flökkusýningar eru sendar í grunnskóla Reykjavíkur að kostnaðarlausu. Öðrum skólum standa þær gjarnan til boða gegn sendingarkostnaði en leiðsögn safnkennara fylgir frítt með. Upplýsingar um efni sýninganna er að finna á heimasíðu safnsins.

**Framhaldsskólar**

Viðfangsefni listamanna eru fjölbreytt og oft verða til verk sem kallast á við málefni líðandi stundar. Út frá myndlist er hægt að ræða stjórnmál, umhverfismál, stríð, loftslagsbreytingar, trúmál, kynvitund eða annað tengt samfélagi, daglegu lífi og samtíma. Þannig getur myndlist komið af stað umræðu og orðið að hvata til breytra viðhorfa. Í Hafnarhúsi er alltaf hægt að ganga að ögrandi sýningum á samtímalist sem eiga í beinu samtali við tíðarandann og gefa nemendum gott tækifæri til að rýna í það tungumál sem myndlist er. Framhaldsskólahópar eru velkomnir í heimsókn að kostnaðarlausu og safnkennarar mæta þeim á þeirra forsendum í lífandi spjalli um listina og lífið. Fyrir áhugasama framhaldsskólanema má benda á að frítt er á almennar sýningar og viðburði í safninu fyrir 18 ára og yngri.

**Háskólar**

Í Listasafni Reykjavíkur er hægt að fræðast um myndlist í sögu og samtíð en ekki síður safnastarf. Óski háskóla-kennari eftir leiðsögn um afmarkað efni á sýningum eða



Kjarvalsstaðir 2019  
**William Morris, Sólvi Helgason til 6. október, 2019**  
Sýningarnar Alræði fegurðar og Blómsturheimar sýna verk tveggja samtímapanna, Williams Morris (1834 – 1896) og Sólva Helgasonar (1820 – 1895), sem voru báðir hugfangnir af blómamynstri. Sýningar á verkum þeirra má nálgast út frá ótal áherslum, s.s. fagurfræði, sögu 19. aldar, handverki, hönnun, stjórnmálum og mörgu fleiru. Hafa verður skjót handtök til að bóka skóláhópa á þessar vinsælu sýningar, en þeim lýkur í byrjun október!

**Jóhannes S. Kjarval**  
**Get ekki teiknað bláklukka**  
**25.05.2019 - 05.01.2020**  
Listamaðurinn Eggert Pétursson hefur sett saman sýningu á blómaverkum Kjarvals (1885 – 1972). Hann ákvað að rannsaka þátt blóma og gróðurs í verkum listamannsins. Kjarval teiknaði og málaði þau blóm sem voru í kringum hann, hvort sem það eru skrautblóm, pottaplöntur eða villt blóm, en ekki síst málaði hann flóru hugans. Sýningin endurspeglar feril Kjarvals frá fyrstu tíð til síðustu verka hans og þar má sjá hans helstu stílbrigði.

**Ólöf Nordal**  
**Úngl**  
**19.10.2019 - 01.01.2020**  
Ólöf Nordal (f. 1961) vísar gjarnan í verkum sínum til þjóðsagnaarfsins, þjóðlegrar arfleifðar og menningarlegs minnis sem hún setur í nútímalegt samhengi. Náttúran og tengsl okkar við landið eru henni einnig hugleikin. Sýningin er yfirflitsýning þar sem sjá má verk frá öllum hennar ferli. Sýningin er hluti af því markmiði Listasafns Reykjavíkur að rannsaka og kynna feril mikilsverðra starfandi listamanna og er sýningunni fylgt eftir með ítarlegri sýningarskrá.

aðrar áherslur á fræðisviði safnsins er þeim bent á að hafa samband. Listasafnið tekur á móti takmörkuðum hópi háskólanema í Vísindaeferðir á hverri önn. Miðlunar-deild safnsins skipuleggur jafnframt opna fyrirlestra og stefnumót við listamenn, sýningarstjóra og aðra sérfræðinga í tengslum við sýningar. Í boði er árskort á góðum kjörum fyrir 28 ára og yngri til þess að sækja allar sýningar og viðburði. Þá fá námsmenn afslátt á stökum miðum.

**Fyrir kennara og leiðbeinendur**

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölda viðburða, fyrirlestra, málþinga og námskeiða í Hafnarhúsi, Ásmundarsafni og á Kjarvalsstöðum. Upplýsingar um viðburði má finna á heimasíðu safnsins undir Dagskrá en við viljum minnast sérstaklega á nokkra fasta liði sem gætu nýst kennurum og leiðbeinendum:

**Útilist í Reykjavík** er heiði á nýju smáforriti sem hlaða má hlaða niður í snjalltæki og nýta til fræðslu og ánægju. Þar er fjallað um tæplega tvö hundruð útilistaverk og höfunda þeirra. Appið má nýta á fjölbreyttan hátt, þar eru gönguferðir, hljóðleiðsögn, leikir og margt fleira.

**Listleikni** er yfirskrift námskeiða þar sem lögð er áhersla á að skoða afmarkað svið myndlistar með ítarlegri hætti en gert er á almennum leiðsögnum safnsins. Hópum stendur til boða að panta sérstaklega námskeið þegar þeim hentar.

**Barnamenningarhátíð, haustfrí og vetrarfrí** eru tilvalin tímabil til samstarfs, en hefð er fyrir góðu samstarfi milli Listasafns Reykjavíkur og kennara í skólum varðandi sýningarhalð eða smíðjuvinnu t.d. í tengingu við yfirstandandi sýningar safnsins, flökkusýningu og/eða vinnu með listamönnum. Gott er að leggja drög að slíku samstarfi í byrjun vetrar.

**Samstarf við fagfélög** kennara hefur undanfarin ár getið af sér áhugaverð verkefni, fyrirlestra og málstofur, og hvetjum við forsvarsmenn félaga til að nýta sér sérþekkingu safnsins og sýningar í nálgun sinni á viðfangsefnum grunnþátta Aðalnámskrár.

**Leikum að list** er yfirskrift smíðja og leiðsagna fyrir barnafólkskyldur. Fjölskylduleiðsagnir eru sniðnar að yngri áhorfendum og listasmiðjur fyrir börn og fjölskyldur þeirra, þar sem gaman er að skapa sín eigin listaverk saman eftir heimsókn á safnið undir leiðsögn safnkennara.

**Listin talar tungum** er myndlistarleiðsögn á ýms-um tungumálum í samstarfi við Móðurmál – samtök um tvítyngi. Þar gefst tækifæri til að njóta leiðsagnar á ýmsum tungumálum, auk táknmálsleiðsagna og sjónlýsinga fyrir sjónskerta sem unnar eru í hánu samstarfi við miðlunarsérfræðinga. Tilvalið er að benda nemendum og fjölskyldum á þennan valkost utan skólatíma. Póstlisti. Við hvetjum kennara og leiðbeinendur til að skrá sig á póstlista safnsins og fá vikulegar upplýsingar um viðburði safnsins og boð á opnanir á sýningum beint í pósthólfíð sitt. Sendið beiðni á fraedsludeild@reykjavik.is og við setjum ykkur á póstlistann.



Kjarvalsstaðir 2020  
**Kjarval erlendis**  
Jóhannes S. Kjarval (1885 – 1972) var í myndlistarnámi erlendis og ferðaðist til að mennta sig á því sviði. Hann var í Danmörku, á Ítalíu og í Bretlandi og þar vann hann fjölmörg verk sem voru innblásin af menningu og náttúru. Á sýningunni eru þessi verk dregin fram og sett í samhengi við feril listamannsins í heild.

**Ásgerður Búaadóttir**  
Ásgerður Búaadóttir (1920 – 2014) var frumkvöðull nútíma veflistar á Íslandi. Stíll Ásgerðar var afar persónulegur og kraftmikill, en verk hennar voru yfirleitt abstrakt þar sem hún notaði grunnformin með einföldum láréttum og lóðréttum áherslum. Hún notaði íslenska ull og hrosshár í verkum sínum og kallaði fram hugleiðingar um náttúru og nærumhverfi.

**Birgir Andrésson**  
Birgir Andrésson (1955-2007) var áhugaverður og mikilvægur listamaður sem vann verk sín upp úr pælingum um íslensk menningararf. Hann skoðaði hugmyndir um sjálfsmynd og einkenni þjóðar, velti fyrir sér tungumáli, litum og myndmáli. Hann var alinn upp af blindum foreldrum sem hafði mikil áhrif á myndlist hans þar sem honum var alltaf ofarlega í huga hvernig við skynjum heiminn í kringum okkur. Sýningin vekur m.a. hugleiðingar um sjálfsmynd þjóðarinnar og menningararfleið.

**Sumar 2020**  
Með vorinu verður í Hafnarhúsi opnuð stórsýning í ljósmyndaverkum hins breska listamannatvEykis Gilberts & George. Á Kjarvalsstöðum verður samsýning á íslenskum málverkum sem unnin eru í anda ljósmyndaransæis. Á Ásmundarsafni verður ný sýning á verkum Ásmundar í samhengi glænýrra verka starfandi samtímalistamanns.